# REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1670/2003

2006/EES/ 58/24

**frá 1. september 2003**

**um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 að því er varðar skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2700/98 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 58/97 frá 20. desember 1996 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1669/2003 ([2]), einkum iii-lið 12. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 var settur sameiginlegur rammi um hagskýrslugerð Bandalagsins um skipulag, starfsemi, afkomu og samkeppnishæfni fyrirtækja í Bandalaginu.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/98 frá 17. desember 1998 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja ([3]), eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1614/2002 ([4]), var að finna skilgreiningarnar á könnunaratriðum (ɔ: breytum) fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja, sem talin voru upp í sameiginlegu einingunni og sundurliðuðu einingunum fyrir iðnfyrirtæki, fyrirtæki í dreifingarstarfsemi og fyrirtæki í byggingariðnaði í reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2056/2002 ([5]) var innleiddur nýr flokkur könnunaratriða fyrir lánastofnanir og lífeyrissjóði, sem og ný könnunaratriði fyrir útgjöld til umhverfismála, sem nauðsynlegt er að setja sameiginlegar skilgreiningar fyrir. Auk þess er þörf á að breyta núverandi skilgreiningum á könnunaratriðunum fjöldi fyrirtækja, velta, framleiðsluverðmæti, vinnsluvirði á þáttaverði og heildarkaup á vörum og þjónustu vegna þess að ekki er hægt að nota skilgreiningarnar í reglugerð (EB) nr. 2700/98 til að reikna verðmæti þessara könnunaratriða þegar um er að ræða vátryggingastarfsemi, lánastofnanir, lífeyrissjóði og starfsemi seðlabanka.

3) Nauðsynlegt er að taka upp skilgreiningar á könnunaratriðum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja á sviði vátryggingastarfsemi, lánastofnana og lífeyrissjóða til að tryggja að tölfræðileg gögn sem framkvæmdastjórninni eru látin í té séu samanburðarhæf, samræmd og vel unnin.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Skilgreiningunum á könnunaratriðum 12 12 0 og 12 15 0 í reglugerð (EB) nr. 2700/98, sem nauðsynleg eru vegna starfseminnar sem fellur undir 5., 6. og 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 og starfseminnar í grein 65.11 í atvinnugreinaflokkuninni (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.), er breytt eins og fram kemur í 3. og 4. þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

Skilgreiningunni á könnunaratriði 11 11 0 vegna starfsemi sem fellur undir 7. viðauka, skilgreiningunni á könnunaratriði 12 11 0 vegna starfsemi sem fellur undir 5. og 7. viðauka og skilgreiningunni á könnunaratriði 13 11 0 vegna starfsemi sem fellur undir 5. og 6. viðauka, er breytt eins og fram kemur í 1., 2. og 5. þætti I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Breytt skilgreining á könnunaratriði 21 11 0 í reglugerð (EB) nr. 2700/98 og skilgreiningar á könnunaratriðum 21 12 0 og 21 14 0 eru tilgreindar í II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

Skilgreiningar á könnunaratriðunum, sem talin eru upp í 4. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, eru tilgreindar í III. viðauka við þessa reglugerð.

*4. gr.*

Skilgreiningar á könnunaratriðunum, sem talin eru upp í 4. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, eru tilgreindar í III. viðauka við þessa reglugerð.

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 244, 29.9.2003, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 14, 17.1.1997, bls. 1

([2]) Sjá bls. 57 í þessum Stjórnartíðindum.

([3]) Stjtíð. EB L 344, 18.12.1998, bls. 49.

([4]) Stjtíð. EB L 244, 12.9.2002, bls. 7.

([5]) Stjtíð. EB L 317, 21.11.2002, bls. 1.

*5. gr.*

Aðildarríkin skulu beita breytingunum á skilgreiningunum á könnunaratriðum 12 12 0, 12 15 0 og 13 11 0 í 4. þætti 1. viðauka vegna starfsemi í flokki 65.1 í atvinnugreinaflokkuninni (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) og fyrir lánastofnanir, sem flokkaðar eru undir grein 65.22 í atvinnugreinaflokkuninni (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.), fyrir viðmiðunarárið 2001 og árin eftir það.

Vegna starfsemi í grein 66.02 í atvinnugreinaflokkuninni (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) skulu aðildarríkin beita skilgreiningunum á könnunaratriðum 11 11 0, 12 11 0, 12 12 0 og 12 15 0 fyrir viðmiðunarárið 2002 og árin eftir það.

Aðildarríkin skulu beita breyttu skilgreiningunni á könnunaratriði 21 11 0 og skilgreiningunum á könnunaratriðum 21 12 0 og 21 14 0 í 4. þætti 2. viðauka fyrir viðmiðunarárið 2001 og árin eftir það.

Aðildarríkin skulu beita skilgreiningunum á könnunaratriðunum, sem talin eru upp í 4. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 fyrir viðmiðunarárið 2001 og árin eftir það.

Þau skulu beita skilgreiningunum á könnunaratriðunum, sem talin eru upp í 4. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 fyrir viðmiðunarárið 2002 og árin eftir það.

*6. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. september 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pedro SOLBES MIRA

*framkvæmdastjóri.*

*I. VIÐAUKI*

**Breytingar á skilgreiningum í reglugerð (EB) nr. 2700/98 vegna vátryggingastarfsemi, lánastofnana, lífeyrissjóða og greinar 65.11 í atvinnugreinaflokkuninni (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.)**

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2700/98 er breytt sem hér segir:

*1. þáttur*

Fjöldi fyrirtækja

1. Í skilgreiningu á kóðanum 11 11 0 (heiti: Fjöldi fyrirtækja) bætist eftirfarandi við:

„Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, skal þetta könnunaratriði einnig taka til lífeyrissjóða sem ekki hafa starfsfólk í vinnu. Hún skal einnig taka til lífeyrissjóða, sem ekki eru stofnaðir sem lögaðilar og stjórnað er af rekstrarfélögum lífeyrissjóða, vátryggingafélögum eða öðrum fjármálastofnunum (án þess þó að falla undir ársreikninga þessara stofnana). Könnunaratriðið skal þó ekki taka til þeirra lífeyrissjóða sem eru ekki stofnaðir aðskilið frá fjármögnunarfyrirtækinu eða –atvinnugreininni (t.d. lífeyrissjóðir sem eru ekki sjálfstæðir eða fyrirtækjasjóðir sem ekki byggja á sjóðsöfnun sem vinnuveitandi rekur yfirleitt sem viðbótarstarfsemi).“

*2. þáttur.*

Velta

1. Í *skilgreiningu* á kóðanum 12 11 0 (heiti: Velta) komi eftirfarandi í stað setningarinnar „Hliðstætt heiti þessa könnunaratriðis í grein 66.01 og 66.03 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk., er „bókfærð iðgjöld alls“:

   Hliðstætt heiti þessa könnunaratriðis, að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er „Bókfærð iðgjöld alls“. Þetta könnunaratriði er skilgreint í 35. gr. tilskipunar 91/674/EBE.

   Hliðstætt heiti þessa könnunaratriðis, að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er „Lífeyrisiðgjöld alls“. Þetta könnunaratriði skal taka til allra lífeyrisiðgjalda sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, s.s. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld, valfrjáls viðbótariðgjöld, flutt réttindi í sjóðinn, önnur lífeyrisiðgjöld.

2. Í *tengingu við aðrar breytur* í kóðanum 12 11 0 (heiti: Velta) bætist eftirfarandi við:

   „Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 eru „Bókfærð iðgjöld alls“ (12 11 0) reiknuð út á eftirfarandi hátt:

   Bókfærð frumtryggingaiðgjöld (12 11 1)

   + Bókfærð fengin endurtryggingaiðgjöld, bókfærð iðgjöld (12 11 2).

   „Bókfærð iðgjöld“ eru notuð við útreikning á „Iðgjaldatekjum“ (32 11 0) og öðrum samtölum og jöfnuði.

   Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er „Velta“ (Lífeyrisiðgjöld alls) reiknuð út á eftirfarandi hátt:

   Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum (48 00 1),

   + Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum (48 00 2),

   + Flutt réttindi í sjóðinn (48 00 3),

+ önnur lífeyrisiðgjöld (48 00 4);

eða:

Lífeyrisiðgjöld til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi(48 00 6)

+ Lífeyrisiðgjöld til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn (48 00 6),

+ Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa (48 00 7).“

*3. þáttur.*

Framleiðsluverðmæti

1. Í *skilgreiningu* á kóðanum 12 12 0 (heiti: Framleiðsluverðmæti) komi eftirfarandi í stað setningarinnar „Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir grein 66.01 og 66.03 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.“:

„Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem iðgjaldatekjur, að viðbættum heildartekjum af verðbréfakaupum, að viðbættri annarri þjónustu sem er látin í té, að frádregnum tjónum ársins alls, að undanskildum útgjöldum við uppgjör tjóna, að viðbættum söluhagnaði af eignum.

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, að frádregnum vaxtagjöldum og hliðstæðum gjöldum, að viðbættum óinnheimtum þóknunartekjum, að viðbættum tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun, að viðbættum hreinum tekjum eða hreinu tapi af fjármálastarfsemi, að viðbættum öðrum rekstrartekjum.

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97, er framleiðsluverðmæti skilgreint sem velta, að frádregnum ógreiddum tryggingaiðgjöldum, að viðbættum fjárfestingartekjum, að viðbættum öðrum tekjum, að viðbættum óinnheimtum vátryggingakröfum, að frádregnum heildarútgjöldum vegna lífeyris, að frádreginni hreinni breytingu á vátryggingaskuldum.

Að því er varðar fyrirtækin í grein 65.11 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins er framleiðsluverðmæti skilgreint sem óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, að frádregnum vaxtagjöldum og hliðstæðum gjöldum, að viðbættum óinnheimtum þóknunartekjum, að viðbættum tekjum af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun, að viðbættum hreinum tekjum eða hreinu tapi af fjármálastarfsemi, að viðbættum öðrum rekstrartekjum.“

2. Í *tengingu við aðrar breytur* í kóðanum 12 12 0 (heiti: Framleiðsluverðmæti) bætist eftirfarandi setning við:

„Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Þegar um er að ræða líftryggingar:

Bókfærð iðgjöld (12 11 0),

+ Brúttóbreyting á iðgjaldaskuld (32 11 2),

+ Fjárfestingartekjur (32 22 0),

— Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5),

— Hagnaður af sölu fjárfestinga (21 71 6),

— Tekjur af eignarhlutum (32 71 1),

+ ((Heildarvátryggingaskuldir alls (37 30 0) — Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) /Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) x (Fjárfestingartekjur (32 22 0) — Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) — Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) — Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

+ Aðrar tekjur af vátryggingum, nettófjárhæð (32 16 1),

+ Aðrar tekjur (32 46 0),

— Bókfærð tjón (32 13 1),

— Brúttóbreyting á tjónaskuld (32 13 4),

+ Ytri og innri tjónauppgjörskostnaður (32 61 5),

+ Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6),

+ Óinnleystur hagnaður af fjárfestingum (32 23 0),

— Tap af sölu fjárfestinga (32 72 3),

— Óinnleyst tap af fjárfestingum (32 28 0),

— Brúttóbreyting á líftryggingaskuld (32 25 0),

— Áunnin ágóðahlutdeild og afslættir, nettófjárhæð (32 16 3),

— Breytingar á sjóði til ráðstöfunar síðar (hluti af 32 29 0),

— Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum (32 16 2).

Þegar um er að ræða skaðatryggingar og endurtryggingar:

Bókfærð iðgjöld (12 11 0),

+ Brúttóbreyting á iðgjaldaskuld (32 11 2),

+ Fjárfestingartekjur (32 42 0),

— Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5),

— Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6),

— Tekjur af eignarhlutum (32 71 1),

+ Heildarvátryggingaskuldir alls (37 30 0) — Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) /Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) x (Fjárfestingartekjur (32 42 0) — Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) — Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) — Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

+ Aðrar tekjur af vátryggingum, nettófjárhæð (32 16 1),

+ Aðrar tekjur (32 46 0),

— Bókfærð tjón (32 13 1),

— Brúttóbreyting á tjónaskuld (32 13 4),

+ Ytri og innri tjónauppgjörskostnaður(32 61 5),

+ Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6),

— Tap af sölu fjárfestinga (32 72 3),

— Áunnin ágóðahlutdeild og afslættir, nettófjárhæð (32 16 3),

— Breyting á útjöfnunarskuld (32 15 0),

— Hreinar breytingar annarra vátryggingaskulda, ekki tilgreint í öðrum liðum (32 16 2).

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (42 11 0),

— Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld (42 12 0),

+ Óinnheimtar þóknunartekjur (42 14 0),

+ Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun (42 13 1),

+ Hreinn hagnaður eða tap af fjármálastarfsemi (42 20 0),

+ Aðrar rekstrartekjur (42 31 0).

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er framleiðsluverðmæti reiknað út á eftirfarandi hátt:

Velta (12 11 0),

— Ógreidd tryggingaiðgjöld (48 05 0),

+ Fjárfestingartekjur (48 01 0),

+ Aðrar tekjur (48 02 2),

+ Óinnheimtar vátryggingakröfur (48 02 1),

— Heildarútgjöld vegna lífeyris (48 03 0),

— Hrein breyting á vátryggingaskuld (48 04 0).“

*4. þáttur.*

## Vinnsluvirði á þáttaverði

1. Í *skilgreiningu* á kóðanum 12 15 0 (heiti: Vinnsluvirði á þáttaverði) komi eftirfarandi í stað setningarinnar „Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir grein 66.01 og 66.03 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.“:

„Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti að frádregnu virði endurtryggingaþjónustu að frádregnum öðrum aðföngum.

Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vörum og þjónustu.

Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vörum og þjónustu.

Að því er varðar fyrirtækin í grein 65.11 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins er vinnsluvirði á þáttaverði skilgreint sem framleiðsluverðmæti, að frádregnum heildarkaupum á vörum og þjónustu.“

2. Í *tengingu við aðrar breytur* í kóðanum 12 15 0 (heiti: Vinnsluvirði á þáttaverði) bætist eftirfarandi setning við:

„Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út á eftirfarandi hátt:

Framleiðsluverðmæti (12 12 0)

— Aðföng (13 11 0)

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út á eftirfarandi hátt:

Framleiðsluverðmæti (12 12 0)

— Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0)

Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er vinnsluvirði á þáttaverði reiknað út á eftirfarandi hátt:

Framleiðsluverðmæti (12 12 0),

— Aðföng (=heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0)).“

*5. þáttur.*

Heildarkaup á vörum og þjónustu

1. Í *skilgreiningu* á kóðanum 13 11 0 (heiti: Heildarkaup á vörum og þjónustu) komi eftirfarandi í stað setningarinnar „Sérstakra reikningsaðferða er þörf fyrir grein 66.01 og 66.03 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.“:

   „Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 eru heildarkaup á vörum og þjónustu skilgreind sem virði endurtrygginga, að viðbættum öðrum aðföngum.

   Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 eru heildarkaup á vörum og þjónustu skilgreind sem þóknunargjöld, að viðbættum öðrum stjórnunarkostnaði, að viðbættum öðrum rekstrargjöldum.“

2. Í *tengingu við aðrar breytur* í kóðanum 13 11 0 (heiti: Heildarkaup á vörum og þjónustu) bætist eftirfarandi setning við:

   „Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 5. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 eru aðföng reiknuð út á eftirfarandi hátt:

   Þegar um er að ræða líftryggingar:

   Endurtryggingajöfnuður (32 18 0),

   + ((Heildarvátryggingaskuldir alls (37 30 0) — Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) /Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) x (Fjárfestingartekjur (32 22 0) — Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) — Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6)— Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

   + Þóknun (32 61 1),

   + Annar ytri kostnaður við vörur og þjónustu (32 61 4 — afskriftir fastafjármuna til eigin nota).

   Þegar um er að ræða skaðatryggingar og endurtryggingar:

   Endurtryggingajöfnuður (32 18 0),

   + ((Heildarvátryggingaskuldir alls (37 30 0) — Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) /Hreinar vátryggingaskuldir alls (37 30 1)) x (Fjárfestingartekjur (32 42 0) — Bakfærsla fjárfestinga (32 71 5) — Hagnaður af sölu fjárfestinga (32 71 6) — Tekjur af eignarhlutum (32 71 1)),

   + Þóknun (32 61 1),

   + Annar ytri kostnaður við vörur og þjónustu (32 61 4 — afskriftir fastafjármuna til eigin nota).

   Að því er varðar fyrirtækin, sem skilgreind eru í 3. þætti 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 eru aðföng reiknuð út á eftirfarandi hátt:

   Þóknunargjöld (42 15 0),

   + Annar stjórnunarkostnaður (42 32 2),

   + Önnur rekstrargjöld (42 33 0).

   Að því er varðar fyrirtækin sem skilgreind eru í 3. þætti 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 er breytan „Heildarkaup á vörum og þjónustu“ (13 11 0) notuð við útreikning á breytunni „Heildarrekstrarkostnaður“ (48 06 0).“

*II. VIÐAUKI*

**Breytt skilgreining á könnunaratriði 21 11 0 og skilgreiningar á könnunaratriðum 21 12 0 og 21 14 0**

Reglugerð (EB) nr. 2700/98 er breytt sem hér segir:

1. Í stað skilgreiningarinnar á könnunaratriði 21 11 0 komi eftirfarandi:

Kóði: 21 11 0

Heiti: **Fjárfesting í mengunareftirlitsbúnaði og -stöð og sérstökum aukabúnaði til mengunarvarna (einkum endahreinsibúnaði)**

*Skilgreining*

Fjárfestingarútgjöld vegna aðferða, tækni, vinnslu eða búnaðar til að taka við og fjarlægja mengun og mengunarvalda (t.d. losun út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangur í föstu formi) sem þegar hafa myndast, koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar og mæla stig hennar og meðhöndla og farga mengunarvöldum sem verða til í rekstri fyrirtækisins.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum „Verndun andrúmslofts og loftslags“, „Hreinsun skolps“, „Meðferð úrgangsefna“ og „Önnur umhverfisverndarstarfsemi“. „Önnur umhverfisverndarstarfsemi“ felur í sér „Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns“, „Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi“, „Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags“, „Geislavarnir“, „Rannsóknir og þróun“, „Almenn umhverfisstjórnun og -stjórnsýsla“, „Menntun, þjálfun og upplýsingar“, „Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda“ og „Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar“.

Meðtalið er:

— fjárfestingar í skýrt skilgreindum þáttum sem koma til viðbótar búnaði sem fyrir er, sem gerðar eru við lok eða alveg utan við framleiðslulínuna (búnaður utan framleiðslu („endahreinsibúnaður“)),

— fjárfestingar í búnaði (t.d. síum eða aðskildum hreinsunarþrepum) sem draga úr eða draga út mengunarvalda innan framleiðslulínunnar, ef þennan aukabúnað má fjarlægja án þess að það hafi áhrif á meginstarfsemi framleiðslulínunnar.

Megintilgangur eða hlutverk þessara fjárfestingarútgjalda er umhverfisvernd og tilgreina skal heildarútgjöld vegna þessa.

Tilgreina skal verg útgjöld, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna framleiðslu og sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu.

Undanskilið er:

— aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu,

— ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi,

— aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: t.d.. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

*Tenging við ársreikninga fyrirtækja*

Skilgreiningin byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. þessi útgjöld uppfylla skilyrði fyrir færslu sem eign.

*Tenging við aðrar breytur*

„Heildarfjárfesting í umhverfisvernd" er samtala breytnanna 21 11 0 og 21 12 0. „Heildarútgjöld til umhverfisverndar" er samtala breytnanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum

15 31 0 Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu

2. Eftirfarandi skilgreiningar bætist við:

Kóði: **21 12 0**

Heiti: **Fjárfesting í búnaði og stöð í tengslum við hreinni framleiðslutækni („samþætta tækni")**

*Skilgreining*

Fjárfestingarútgjöld vegna nýrra eða aðlögunar eldri aðferða, tækni, vinnslu eða búnaðar (eða hluta þeirra) til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun sem til verður við upptök hennar (t.d. mengandi efni sem eru losuð út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangur í föstu formi) og draga þannig úr áhrifum á umhverfið sem tengjast losun mengunarefna og/eða starfsemi sem veldur mengun.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum „Verndun andrúmslofts og loftslags", „Hreinsun skolps", „Meðferð úrgangsefna" og „Önnur umhverfisverndarstarfsemi". „Önnur umhverfisverndarstarfsemi" felur í sér „Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns", „Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi", „Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags", „Geislavarnir", „Rannsóknir og þróun", „Almenn umhverfisstjórnun og -stjórnsýsla", „Menntun, þjálfun og upplýsingar", „Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda" og „Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar".

Tilgreina skal verg útgjöld, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna framleiðslu og sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Keyptar vörur eru metnar á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu.

Meðtalið er:

— fjárfestingarútgjöld sem varða sérstaka, auðgreinanlega (umhverfislega hluta) aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar. Megintilgangur eða hlutverk þeirra er, samkvæmt skilgreiningu, umhverfisvernd og tilgreina ber heildarútgjöld (umhverfislegra hluta) aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar,

— fjárfestingarútgjöld vegna aðferða, vinnslu, tækni og búnaðar sem er samþættur heildarrekstrinum (framleiðsluferli/búnaði) með þeim hætti að erfitt er að aðgreina sérstaklega mengunarvarnaþáttinn. Í slíkum tilvikum („samþættar ráðstafanir") skal aðeins tilgreina umhverfisverndarhluta heildarfjárfestingarinnar.

Sá hluti samsvarar þeirri viðbótarfjárfestingu, gagnvart fjárfestingarútgjöldum, sem stofnað hefði verið til ef ekki hefði verið tekið tillit til umhverfisverndarsjónarmiða. Því samsvarar samanburðarkosturinn ódýrasta kostinum sem fyrirtækið á völ á sem hefur svipað hlutverk og eiginleika, að undanskildum þeim sem tengjast umhverfisvernd.

Þegar kosturinn, sem valinn er, er staðaltækni og fyrirtækið á ekki annarra kosta völ sem eru ódýrari og óhagstæðari fyrir umhverfið er ráðstöfunin, samkvæmt skilgreiningu, ekki umhverfisverndarstarfsemi og ekki skal tilgreina nein útgjöld.

Undanskilið er:

— aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu,

— ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi,

— aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: þ.e. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum.

*Tenging við ársreikninga fyrirtækja*

Skilgreiningin byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. þessi útgjöld uppfylla skilyrði fyrir færslu sem eign.

*Tenging við aðrar breytur*

„Heildarfjárfesting í umhverfisvernd“ er samtala breytnanna 21 11 0 og 21 12 0. „Heildarútgjöld til umhverfisverndar“ er samtala breytnanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

15 11 0 Verg fjármunamyndun í efnislegum fjármunum

15 31 0 Verðmæti efnislegra vara sem aflað er með fjármögnunarleigu.

Kóði: **21 14 0**

Heiti: **Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar**

*Skilgreining*

Samanlögð rekstrarútgjöld til umhverfisverndar eru útgjöld til reksturs og viðhalds á starfsemi, tækni, vinnslu og búnaði (eða hlutum þeirra) til að koma í veg fyrir, draga úr, hreinsa eða útrýma mengunarvöldum og mengun (t.d. mengandi efnum sem eru losuð út í andrúmsloftið, frárennsli eða úrgangi í föstu formi) eða annarri hnignun umhverfisins sem stafar af rekstri fyrirtækisins.

Þau eru samtala útgjalda á umhverfissviðunum „Verndun andrúmslofts og loftslags“, „Hreinsun skolps“, „Meðferð úrgangsefna“ og „Önnur umhverfisverndarstarfsemi“. „Önnur umhverfisverndarstarfsemi“ felur í sér „Verndun og hreinsun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns“, „Ráðstafanir til að draga úr hávaða og titringi“, „Verndun líffræðilegrar fjölbreytni og landslags“, „Geislavarnir“, „Rannsóknir og þróun“, „Almenna umhverfisstjórnun og -stjórnsýslu“, „Menntun, þjálfun og upplýsingar“, „Starfsemi sem leiðir til óskiptanlegra útgjalda“ og „Starfsemi sem ekki er flokkuð annars staðar“.

Tilgreina skal heildarfjárhæð samanlagðra rekstrarútgjalda til umhverfisverndar, þ.e. að meðtöldum hvers kyns kostnaði sem vegur upp á móti og er til kominn vegna sölu á markaðshæfum aukaafurðum, sparnaði eða mótteknum styrkjum.

Rekstrarútgjöld eru samtala „innanhússútgjalda“ og „Kaupa á umhverfisverndarþjónustu“

— innanhússútgjöld taka til allra rekstrarútgjalda vegna umhverfisverndar nema kaupa á umhverfisverndarþjónustu frá öðrum einingum. Þau eru samtala launakostnaðar, notkunar hráefna og hjálparefna og greiðslna fyrir rekstrarleigu, t.d. sem tengjast rekstri og viðhaldi á umhverfistengdum búnaði, mælingum og eftirliti með mengunarstigi, umhverfisstjórnun, upplýsingum og fræðslu og rannsóknum og þróun á sviði umhverfismála,

— Kaup á umhverfisverndarþjónustu tekur til allra þóknana, gjalda og svipaðra greiðslna til annarra stofnana (utan svarseiningarinnar), opinberra jafnt sem einkarekinna, í skiptum fyrir umhverfisverndarþjónustu sem tengist umhverfisáhrifum af rekstri fyrirtækisins. Til dæmis greiðslur fyrir söfnun og meðferð úrgangs og skólps, greiðslur í tengslum við afmengun jarðvegs, eftirlitsgjöld, greiðslur til ráðgjafa í umhverfismálum, t.d. í tengslum við umhverfisupplýsingar, -vottanir eða notkun á umhverfistengdum búnaði.

Keyptar vörur og þjónusta eru metin á innkaupsverði að undanskildum frádráttarbærum virðisaukaskatti og öðrum frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint veltu. Launaútgjöld fela í sér vergan launakostnað, að meðtöldum gjöldum atvinnuveitanda og kostnaði vegna almannatrygginga, en að undanskildum almennum óbeinum kostnaði.

Undanskilið er:

— aðgerðir og starfsemi sem eru hagstæð umhverfinu en hefðu verið framkvæmd án tillits til umhverfisverndarsjónarmiða, þ.m.t. ráðstafanir sem fyrst og fremst stuðla að hollustuháttum og öryggi á vinnustað og öryggi í framleiðslu,

— ráðstafanir til að draga úr mengun þegar verið er að nota vörurnar eða úrelda þær (aðlögun vara að umhverfinu), nema umhverfisstefna og reglur færi út lagalega ábyrgð framleiðanda þannig að hún nái einnig yfir mengun sem stafar af vörunum þegar verið er að nota þær eða ganga frá þeim sem úrgangi,

— aðgerðir í tengslum við notkun og sparnað á auðlindum (t.d. vatnsveitu eða orku- eða hráefnissparnað), nema meginmarkmiðið með þeim sé umhverfisvernd: t.d. þegar slíkar aðgerðir miða að því að uppfylla innlenda eða alþjóðlega umhverfisstefnu en eru ekki af sparnaðarástæðum,

— greiðsla svareiningarinnar á sköttum, þóknunum eða gjöldum, sem ekki eru tengd kaupum á umhverfisþjónustu í tengslum við umhverfisáhrif frá rekstri fyrirtækisins, jafnvel þótt stjórnvöld hafi eyrnamerkt tekjurnar fjármögnun á umhverfisverndarstarfsemi (t.d. mengunarskattur),

— reiknaðir kostnaðarþættir s.s. afskriftir á umhverfistengdum búnaði, tap vegna óumflýjanlegrar endurnýjunar á búnaði eða almenns óbeins kostnaðar,

— tekjutap, uppbótargjöld, sektir, viðurlög og annað þ.u.l. sem tengist ekki umhverfisverndarstarfsemi.

*Tenging við ársreikninga fyrirtækja*

Skilgreiningin á rekstrarútgjöldum byggist á þeim reikningsskilastöðlum sem fyrirtækið notar við bókhald sitt, í samræmi við reikningsskilastaðla ESB, þ.e.a.s. rekstrarútgjöld taka til allra útgjalda sem eru ekki færð til eignar heldur á rekstrarreikning.

Þau eru samtala kaupa á hráefnum og hjálparefnum, launakostnaðar, opinberra þóknana og gjalda, útgjalda vegna utanaðkomandi þjónustu og leigugjalda fyrir umhverfisverndarstarfsemi.

*Tenging við aðrar breytur*

„Heildarfjárfesting í umhverfisvernd“ er samtala breytnanna 21 11 0 og 21 12 0. „Heildarútgjöld til umhverfisverndar“ er samtala breytnanna 21 11 0, 21 12 0 og 21 14 0.

Hluti af:

13 11 0 Heildarkaup á vörum og þjónustu

13 31 0 Starfsmannakostnaður.

*III. VIÐAUKI*

**Skilgreiningar á könnunaratriðum, tilgreindum í 4. þætti í 6. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (lánastofnanir)**

SKIPULAGSBREYTUR

Kóði: **11 11 1**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir réttarstöðu**

*Skilgreining*

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) sem er sundurliðuð eftir réttarstöðu á eftirfarandi hátt: hlutafélög, samvinnufélög, opinber fyrirtæki, útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, önnur.

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir réttarstöðu“ felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: **11 11 4**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir aðseturslandi móðurfyrirtækis**

*Skilgreining*

Með „móðurfyrirtæki“ er átt við móðurfyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. og 2. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE ([1]) um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans.

Nota skal eftirfarandi landfræðilega sundurliðun móðurfyrirtækja: móðurfyrirtæki sem er staðsett í heimaaðildarríki (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af innlendum aðilum), móðurfyrirtæki sem er staðsett í öðrum löndum (fyrirtækinu, sem í hlut á, telst stjórnað af erlendum aðilum). Móðurfyrirtækið er skráð samkvæmt eiginlegum, endanlegum rétthafa (ultimate beneficiary owner (UBO)). Einungis þau fyrirtæki (dótturfyrirtæki) sem eiga sér móðurfélag eru meðtalin undir þessari breytu. Útibú eru undanskilin þar sem þau teljast hluti af fyrirtæki.

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir aðseturslandi móðurfyrirtækis“ er hluti af fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: **11 11 6**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokkum niðurstöðutölu efnahagsreiknings**

*Skilgreining*

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) er sundurliðaður eftir stærðarflokkum niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Fimm stærðarflokkar (í evrum) — sameiginlegir fyrir öll aðildarríkin — eru skilgreindir á eftirfarandi hátt: Yfir 99 999 milljónir evra, 10 000 til 99 999 milljónir evra, 1 000 til 9 999 milljónir evra, 100 til 999 milljónir evra, undir 100 milljónir evra.

*Athugasemd:* Tekið er mið af niðurstöðutölu efnahagsreiknings í lok uppgjörsárs (sjá breytu 43 30 0).

([1]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

*Tenging við aðrar breytur*

Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokkum niðurstöðutölu efnahagsreiknings, felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: **11 11 7**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana**

*Skilgreining*

Fjöldi fyrirtækja (sjá breytu 11 11 0) er sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana á eftirfarandi hátt: bankar með starfsleyfi, sérhæfðar lánastofnanir, aðrar lánastofnanir. Þessi sundurliðun gerir kleift að tengja flokka lánastofnana við viðeigandi flokka atvinnugreinaflokkunarinnar (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.).

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana" felur í sér frekari sundurliðun á fjölda fyrirtækja (11 11 0).

Kóði: **11 41 1**

Heiti: **Heildarfjöldi útibúa, sundurliðaður eftir staðsetningu í löndum utan EES**

*Skilgreining*

„Útibú" er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE([1]) og tíundað nánar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um réttinn til að veita þjónustu og um hagsmuni almennings í annarri bankatilskipuninni (95/C 291/06).

Nota skal eftirfarandi landfræðilega sundurliðun á fjölda útibúa í útlöndum: Sviss, Bandaríki Norður-Ameríku, Japan og þriðju lönd (annars staðar í heiminum).

*Athugasemd*: Tekið er mið af öllum virkum útibúum sem tilkynnt hefur verið um í heimaaðildarríki lánastofnunarinnar.

Kóði: **11 51 0**

Heiti: **Heildarfjöldi fjárhagslegra dótturfyrirtækja, sundurliðaður eftir staðsetningu í öðrum löndum**

*Skilgreining*

Með „dótturfyrirtæki" er átt við dótturfyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. og 2. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE um samstæðureikninga, byggt á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans. Öll fyrirtæki innan ramma fjármálaþjónustufyrirtækja (eins og þau eru skilgreind í kafla 1.3 í handbók um aðferðafræði í hagskýrslugerð um lánastofnanir) eru meðtalin.

*Athugasemd:* Nota skal eftirfarandi landfræðilega sundurliðun fyrir dótturfyrirtæki: sérhvert einstakt annað aðildarríki, önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu, Sviss, Bandaríki Norður-Ameríku, Japan, önnur þriðju lönd (annars staðar í heiminum). Einungis skal taka tillit til fyrsta stigs dótturfyrirtækja.

REKSTRARREIKNINGSBREYTUR

Kóði: **42 11 0**

Heiti: **Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur**

([1]) Stjtíð. EB L 386, 30.12.1989, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 386, 30.12.1989, bls. 1.

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 29. gr. tilskipunar ráðsins 86/635/EBE[1]).

*Athugasemd:* vísun til 1. mgr. 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluveðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 11 1**

Heiti. **Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur af verðbréfum með fastri ávöxtun**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 29. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 1. mgr. 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er hluti af breytunni 42 11 0.

Kóði: **42 12 0**

*Heiti:* **Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 29. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 2. mgr. 27. gr. og 1. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluveðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 12 1**

Heiti: **Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld í tengslum við skuldabréfaútgáfu**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 17. og 29. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til a-liðar 3. mgr. 4. gr. (Skuldir) tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er hluti af breytunni 42 12 0.

Kóði: **42 13 0**

Heiti: **Tekjur af verðbréfum**

---

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 30. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* *Vísun til a-, b- og c-liðar 3. mgr. 27. gr. sem samtala og a-, b- og c-liðar 2. mgr. B-hluta 28. gr. sem samtala í tilskipun 86/635/EBE.*

Kóði: **42 13 1**

Heiti: **Tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 30. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til a-liðar 3. mgr. 27. gr. og a-liðar 2. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er hluti af breytu 42 13 0 og er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 14 0**

Heiti: **Óinnheimtar þóknunartekjur**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 31. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 4. mgr. 27. gr. og 3. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluverðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 15 0**

Heiti: **Þóknunargjöld**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 31. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 5. mgr. 27. gr. og 2. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0).

Kóði: **42 20 0**

Heiti: **Hreinn hagnaður eða tap af fjármálastarfsemi**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 32. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 6. mgr. 27. gr. og 3. liðar A-hluta eða 4. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluveðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 31 0**

Heiti: **Aðrar rekstrartekjur**

*Skilgreining*

Rekstrartekjur, ekki tilgreindar í öðrum liðum.

*Athugasemd:* Vísun til 7. mgr. 27. gr. og 7. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á framleiðsluveðmæti (breyta 12 12 0).

Kóði: **42 32 0**

Heiti: **Almennur stjórnunarkostnaður**

*Skilgreining*

Þessi breyta er samtala „Starfsmannakostnaðar“ (breyta 13 31 0) og „Annars stjórnunarkostnaðar“ (breyta 42 32 2).

*Athugasemd:* Vísun til a- og b-liðar 8. mgr. 27. gr. samanlagt og a- og b-liðar 4. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE samanlagt.

Kóði: **42 32 2**

Heiti: **Annar stjórnunarkostnaður**

*Skilgreining*

Annar stjórnunarkostnaður, ekki meðtalinn í breytu 13 31 0.

*Athugasemd:* Vísun til b-liðar 8. mgr. 27. gr. og b-liðar 4. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0) og almennum stjórnunarkostnaði (breyta 42 32 0).

Kóði: **42 33 0**

Heiti: **Önnur rekstrargjöld**

*Skilgreining*

Rekstrargjöld, ekki tilgreind í öðrum liðum.

*Athugasemd:* Vísun til 10. mgr. 27. gr. og 6. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

Þessi breyta er notuð við útreikning á heildarkaupum á vörum og þjónustu (breyta 13 11 0).

Kóði: **42 35 0**

Heiti: **Endurmat og bakfærslur í tengslum við lán og fyrirframgreiðslur og framlög (afskriftir) vegna skilyrtra skulda og skuldbindinga**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 33. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 11. og 12. mgr. 27. gr. og 7. liðar A-hluta og 5. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **42 36 0**

Heiti: **Annað endurmat og bakfærslur**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 34. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 9., 13. og 14. mgr. 27. gr. og 5. og 8. liðar A-hluta og 6. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **42 40 0**

Heiti: **Hagnaður eða tap af reglulegri starfsemi**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE ([1]) sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

*Athugasemd:* Vísun til 15. og 16. mgr. 27. gr. og 9. og 10. liðar A-hluta og 8. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **42 50 0**

Heiti: **Óreglulegur hagnaður eða tap**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

*Athugasemd:* Vísun til 19. mgr. 27. gr. og 13. liðar A-hluta og 10. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **42 51 0**

Heiti: **Allir skattar (skattur á hagnað eða tap af reglulegri starfsemi, skattur á óreglulegan hagnað eða tap, aðrir skattar)**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

*Athugasemd:* Vísun til 15., 20. og 22. mgr. 27. gr. og 9., 12. og 14. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

---

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

Kóði: **42 60 0**

Heiti: **Hagnaður eða tap á fjárhagsárinu**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 22. gr. og eftirfylgjandi greinum í tilskipun ráðsins 78/660/EBE sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð.

*Athugasemd:* Vísun til 23. mgr. 27. gr. og 15. liðar A-hluta og 11. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

BREYTUR EFNAHAGSREIKNINGS

Kóði: **43 11 0**

Heiti: **Lán og fyrirframgreiðslur til viðskiptavina**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 4. og 16. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til 4. mgr. 4. gr. (Eignir) og 16. gr. (Eignir: liður 4) tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **43 21 0**

Heiti: **Skuldir við viðskiptavini**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 4. og 19. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun til a- og b-liðar 2. mgr. 4. gr. samanlagt (Skuldir) og 19. gr. (Skuldir: liður 2) tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **43 29 0**

Heiti: **Eigið fé og varasjóðir alls**

*Skilgreining*

Þessi breyta er skilgreind í 21., 22. og 23. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Athugasemd:* Vísun í 7.-14. mgr. 4. gr. tilskipunar 86/635/EBE samanlagt (Skuldir).

Kóði: **43 30 0**

Heiti: **Niðurstöðutala efnahagsreiknings**

*Skilgreining*

Þessi breyta er samtala 1.-16. liðar í eignahluta efnahagsreikningsins eða samtala 1.-14. liðar í skuldahluta efnahagsreikningsins.

*Athugasemd:* Vísað er til 4. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

Kóði: **43 31 0**

Heiti: **Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækis**

*Skilgreining*

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 43 30 0) er sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækis.

Í samræmi við sundurliðun breytunnar 11 11 4 er niðurstöðutölu efnahagsreiknings skipt upp í hluta sem tengist lánastofnunum, sem stjórnað er af innlendum aðilum og hluta sem tengist fyrirtækjum sem stjórnað er af erlendum aðilum. Móðurfyrirtækið er skráð samkvæmt eiginlegum rétthafa ( (UBO)).

*Tenging við aðrar breytur*

„Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir aðseturslandi móðurfyrirtækis“ felur í sér frekari sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings (43 30 0).

Kóði: **43 32 0**

Heiti: **Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir réttarstöðu**

*Skilgreining*

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 43 30 0) er sundurliðuð eftir réttarstöðu á eftirfarandi hátt: hlutafélög, samvinnufélög, opinber fyrirtæki, útibú fyrirtækja með aðalskrifstofu í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, önnur.

*Tenging við aðrar breytur*

„Niðurstöðutala efnahagsreiknings, sundurliðuð eftir réttarstöðu“ felur í sér frekari sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings (43 30 0).

BREYTUR UM VÖRUR

Kóði: **44 11 0**

Heiti: **Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)**

*Skilgreining*

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur eru skilgreindar í 29. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

*Athugasemd:* Vísun til 1. mgr. 27. gr. og 1. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

„Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA)“ felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (42 11 0).

Kóði: **44 12 0**

Heiti: **Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld, sundurliðuð eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum**

*Skilgreining*

Vaxtagjöld og sambærileg gjöld eru skilgreind í 29. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

*Athugasemd:* Vísun til 2. mgr. 27. gr. og 1. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

„Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld, sundurliðuð eftir (undir)flokkum vöruflokkunar Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum " felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Vaxtagjöld og hliðstæð gjöld" (42 12 0).

Kóði: **44 13 0**

Heiti: **Óinnheimtar þóknunartekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum**

*Skilgreining*

Óinnheimtar þóknunartekjur eru skilgreindar í 31. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

*Athugasemd:* Vísun til 4. mgr. 27. gr. og 3. liðar B-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

„Óinnheimtar þóknunartekjur, sundurliðaðar eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum )" felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Óinnheimtar þóknunartekjur" (42 14 0).

Kóði: **44 14 0**

Heiti: **Þóknunargjöld, sundurliðuð eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum**

*Skilgreining*

Þóknunargjöld eru skilgreind í 31. gr. tilskipunar 86/635/EBE. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Sundurliða skal breytuna eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

*Athugasemd:* Vísun til 5. mgr. 27. gr. og 2. liðar A-hluta 28. gr. tilskipunar 86/635/EBE.

*Tenging við aðrar breytur*

„Þóknunargjöld, sundurliðuð eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum " felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Þóknunargjöld" (42 15 0).

BREYTUR UM ALÞJÓÐAVÆÐINGU

Breyturnar 45 11 0, 45 21 0 og 45 22 0 vísa til reksturs sem bókfærður er eftir útibúum með aðalskrifstofur í löndum innan EES.

Kóði: **45 11 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á heildarfjölda EES-útibúa**

*Skilgreining*

„Útibú" er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 og tíundað nánar í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um réttinn til að veita þjónustu og um hagsmuni almennings í annarri bankatilskipuninni (95/C 291/06).

*Athugasemd:* Frá sjónarhóli gistiaðildarríkisins skal sundurliða heildarfjölda EES-útibúa eftir hverju og einu hinna EES-landanna.

Kóði: **45 21 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á óinnheimtum vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum**

*Skilgreining*

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú með aðalskrifstofu í öðru EES-landi, hafa bókfært í gistiaðildarríkinu, skipt upp eftir löndum.

Kóði: **45 22 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á niðurstöðutölu efnahagsreiknings**

*Skilgreining*

Niðurstöðutala efnahagsreiknings (sjá breytu 4330 0) útibúa í gistiaðildarríkinu með aðalskrifstofu í öðru EES-landi, skipt upp eftir löndum.

Kóði: **45 31 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á óinnheimtum vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við réttinn til að veita þjónustu (í öðrum EES-löndum)**

*Skilgreining*

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem lánastofnanir með leyfi í heimaðaðildarríkinu hafa bókfært í sérhverju hinna EES-landanna samkvæmt réttinum um frelsi til að veita þjónustu.

Kóði: **45 41 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á óinnheimtum vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við starfsemi útibúa (í löndum utan EES)**

*Skilgreining*

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú lánastofnana með leyfi í heimaðildarríkinu hafa bókfært í löndum utan EES, skipt upp eftir löndum.

Nota skal eftirfarandi sundurliðun: Sviss, Bandaríki Norður-Ameríku, Japan, þriðju lönd (annars staðar heiminum).

Kóði: **45 42 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á óinnheimtum vaxtatekjum og hliðstæðum tekjum í tengslum við réttinn til að veita þjónustu (í löndum utan EES)**

*Skilgreining*

Óinnheimtar vaxtatekjur og hliðstæðar tekjur (sjá breytu 42 11 0) sem útibú lánastofnana með leyfi í heimaðildarríkinu hafa bókfært í löndum utan EES samkvæmt réttinum um að frelsi til að veita þjónustu.

Nota skal eftirfarandi sundurliðun: Sviss, Bandaríki Norður-Ameríku, Japan, þriðju lönd (annars staðar heiminum).

BREYTUR UM STARFSMANNAHALD

Kóði: **16 11 1**

Heiti: **Fjöldi starfsmanna, sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana**

*Skilgreining*

Fjöldi starfsmanna (sjá breytu 16 11 0) er sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana á eftirfarandi hátt: bankar með starfsleyfi, sérhæfðar lánastofnanir, aðrar lánastofnanir. Þessi sundurliðun gerir kleift að staðsetja flokka lánastofnana í viðeigandi flokkum atvinnugreinaflokkunarinnar (atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.).

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi starfsmanna, sundurliðaður eftir flokkum lánastofnana" felur í sér frekari sundurliðun á fjölda starfsmanna (16 11 0).

Kóði: **16 11 2**

Heiti: **Fjöldi kvenkyns starfsmanna**

*Skilgreining*

Fjöldi starfsmanna (sjá breytu 16 11 0) sem eru kvenkyns.

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi kvenkyns starfsmanna" er hluti af fjölda starfsmanna (16 11 0).

Kóði: **16 13 6**

Heiti: **Fjöldi kvenkyns launþega**

*Skilgreining*

Fjöldi launþega (sjá breytu 16 13 0) sem eru kvenkyns.

*Tenging við aðrar breytur*

„Fjöldi kvenkyns launþega" er hluti af fjölda launþega (16 13 0).

VIÐBÓTARBREYTUR

Kóði: **47 11 0**

Heiti: **Fjöldi reikninga, sundurliðaður eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum**

*Skilgreining*

Fjöldi reikninga lánastofnana í lok uppgjörsárs er meðtalinn hér. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Fjöldi reikninga tengist (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum á viðeigandi stigi.

Kóði: **47 12 0**

Heiti: **Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina, sundurliðaður eftir (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum**

*Skilgreining*

Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina í lok uppgjörsárs er meðtalinn hér. Sundurliðun eftir vörum byggist á vöruflokkun samkvæmt starfsemi í fjármálaþjónustu og starfsemi sem tengist fjármálaþjónustu. Fjöldi lána og fyrirframgreiðslna til viðskiptavina tengist (undir)flokkum í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) á viðeigandi stigi.

Kóði: **47 13 0**

Heiti: **Fjöldi hraðbanka í eigu lánastofnana**

*Skilgreining*

Hugtakið „hraðbanki" tekur til mismunandi véla sem notaðar eru fyrir rafræna bankaþjónustu, t.d. vélar til að taka út peninga (seðlavélar), til að inna af hendi greiðslur og fá upplýsingar um færslur, til að skipta peningum, til að hlaða fjölnota kort, o.s.frv.

*IV. VIÐAUKI*

**Skilgreiningar á könnunaratriðum, tilgreindum í 4. þætti í 7. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (lífeyrissjóðir)**

*SJÁLFSTÆÐIR LÍFEYRISSJÓÐIR*

SKIPULAGSBREYTUR

Kóði: **11 11 8**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærð fjárfestinga**

*Skilgreining*

Fjöldi fyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í breytu 11 11 0, sundurliðaður eftir stærðarflokkum fjárfestinga, um er að ræða fjárfestingar sem heyra undir breyturnar 48 10 0 eða 48 10 4, þ.e. heildarfjárfestingar á markaðsvirði.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærð fjárfestinga“ (11 11 8) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Fjöldi fyrirtækja“ (11 11 0).

Kóði: **11 11 9**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokkum félagsaðila**

*Skilgreining*

Fjöldi fyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í breytu 11 11 0, sundurliðaður eftir stærðarflokkum félagsaðila; um er að ræða félagsaðila sem skilgreindir eru í breytunni „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0).

*Athugasemd:* Taka ber mið af fjölda félagsaðila í lok uppgjörsárs.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi fyrirtækja, sundurliðaður eftir stærðarflokkum félagsaðila“ (11 11 9) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Fjöldi fyrirtækja“ (11 11 0).

Kóði: **11 61 0**

Heiti: **Fjöldi lífeyriskerfa**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda lífeyriskerfa undir stjórn lífeyrissjóða. Lífeyriskerfi byggist á samningi, yfirleitt milli aðila vinnumarkaðsins, sem kveður á um greiðslu eftirlauna og með hvaða skilyrðum.

BREYTUR UM BÓKHALD

Rekstrarreikningur (heildartekjur og -útgjöld)

Kóði: **48 00 1**

Heiti: **Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra óinnheimtra lífeyrisiðgjalda frá félagsaðilum, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld og valfrjáls viðbótariðgjöld.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá félagsaðilum“ (48 00 1) er notuð við útreikning á breytunni „Velta“ (12 11 0).

Kóði: **48 00 2**

Heiti: **Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra óinnheimtra lífeyrisiðgjalda frá vinnuveitendum, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld og valfrjáls viðbótariðgjöld.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Óinnheimt lífeyrisiðgjöld frá vinnuveitendum“ (48 00 2) er notuð við útreikning á breytunni „Velta“ (12 11 0).

Kóði: **48 00 3**

Heiti: **Flutt réttindi í sjóðinn**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra fluttra réttinda í sjóðinn. Slík réttindi flytjast yfirleitt frá öðrum lífeyrissjóðum eða tryggingafélögum. Þegar launþegi skiptir um vinnuveitanda á hann þess oft kost að flytja lífeyrisréttindi sín hjá lífeyrissjóði eða tryggingakerfi fyrri vinnuveitanda í lífeyrissjóð nýja vinnuveitandans.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Flutt réttindi í sjóðinn“ (48 00 3) er notuð við útreikning á breytunni „Velta“ (12 11 0).

Kóði: **48 00 4**

Heiti: **Önnur lífeyrisiðgjöld**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra lífeyrisiðgjalda, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga (s.s. lífeyrisiðgjöld frá ríki eða sveitarfélögum, einstaklingum og samtökum).

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Önnur lífeyrisiðgjöld“ (48 00 4) er notuð við útreikning á breytunni „Velta“ (12 11 0).

Kóði: **48 00 5**

Heiti: **Lífeyrisiðgjöld til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra óinnheimtra lífeyrisiðgjalda til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, s.s. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Lífeyrisiðgjöld til kerfa með fyrirfram skilgreind réttindi" (48 00 5) er notuð við útreikning á breytunni „Velta" (12 11 0).

Kóði: **48 00 6**

Heiti: **Lífeyrisiðgjöld til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra óinnheimtra lífeyrisiðgjalda til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Lífeyrisiðgjöld til kerfa þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn" (48 00 6) er notuð við útreikning á breytunni „Velta" (12 11 0).

Kóði: **48 00 7**

Heiti: **Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra óinnheimtra lífeyrisiðgjalda til blandaðra kerfa, sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu að því er varðar lífeyrissamninga, þ.m.t. öll reglubundin iðgjöld, valfrjáls iðgjöld og önnur iðgjöld.

*Athugasemd:* Blönduð kerfi eru kerfi með þáttum bæði úr kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi og kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Lífeyrisiðgjöld til blandaðra kerfa" (48 00 7) er notuð við útreikning á breytunni „Velta" (12 11 0).

Kóði: **48 01 0**

Heiti: **Fjárfestingartekjur (PF)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til tekna af fjárfestingum, bakfærslna fjárfestinga og tekna af innleystum og óinnleystum söluhagnaði og -tapi Hún tekur til leigutekna, óinnheimtra vaxtatekna, arðs og innleysts og óinnleysts söluhagnaðar og -taps.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjárfestingartekjur (PF)" (48 01 0) felur í sér breytuna „Söluhagnaður og –tap" (48 01 1).

Kóði: **48 01 1**

Heiti: **Söluhagnaður og -tap**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til tekna af innleystum og óinnleystum söluhagnaði og –tapi sem kemur fram í rekstrarreikningi. Söluhagnaður og –tap er mismunurinn á mati á fjárfestingum við upphaf uppgjörstímabils (eða við kaup, ef það er síðar) og mats á þeim í lok uppgjörstímabilsins (eða við sölu, ef það er fyrr).

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Söluhagnaður og –tap“ (48 01 1) er notuð við útreikning á breytunni „Fjárfestingartekjur (PF)“ (48 01 0).

Kóði: **48 02 1**

Heiti: **Óinnheimtar vátryggingakröfur**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til óinnheimtra krafna frá trygginga- eða endurtryggingafélögum í tengslum við tryggða áhættu.

Kóði: **48 02 2**

Heiti: **Aðrar tekjur (PF)**

*Skilgreining*

Aðrar tekjur skulu taka til allra tekna lífeyrissjóða annarra en lífeyrisiðgjalda og fjárfestingatekna lífeyrissjóða, s.s. þóknana og annarra tekna.

Kóði: **48 03 0**

Heiti: **Heildarútgjöld vegna lífeyris**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal fela í sér hvers kyns útgjöld til félaga í lífeyriskerfi og þeirra sem eru á framfæri þeirra, flutt réttindi úr sjóðnum o.s.frv. Þ.m.t. eru útgjöld, sem einnig eru tekjur tengdar áhættu, sem tryggð er af tryggingafélagi.

*Tenging við aðrar breytur*

„Heildarútgjöld vegna lífeyris“ (48 03 0) eru reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Reglubundnar lífeyrisgreiðslur (48 03 1),

+ Eingreiðslur lífeyris (48 03 2),

+ Flutt réttindi úr sjóðnum (48 03 3).

Kóði: **48 03 1**

Heiti: **Reglubundnar lífeyrisgreiðslur**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra greiðslna lífeyris sem inntar eru af hendi reglulega (þ.e. árlegra lífeyrisgreiðslna).

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Reglubundnar lífeyrisgreiðslur“ (48 03 1) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarútgjöld vegna lífeyris“ (48 03 0).

Kóði: **48 03 2**

Heiti: **Eingreiðslur lífeyris**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra greiðslna vegna lífeyris sem greiddar eru með eingreiðslu.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Eingreiðslur lífeyris" (48 03 2) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarútgjöld vegna lífeyris" (48 03 0).

Kóði: **48 03 3**

Heiti: **Flutt réttindi úr sjóðnum**

*Skilgreining*

Þessi breyta tekur til allra fluttra réttinda úr sjóðnum (yfirleitt lífeyrisréttinda, sem flutt eru til annarra lífeyrissjóða eða tryggingafélaga þegar launþegi skiptir um vinnuveitanda og verða þar af leiðandi hluti af lífeyrissjóði eða tryggingakerfi nýja vinnuveitandans).

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Flutt réttindi úr sjóðnum" (48 03 3) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarútgjöld vegna lífeyris" (48 03 0).

Kóði: **48 04 0**

Heiti: **Hrein breyting á vátryggingaskuld (varasjóðir)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra breytinga á vátryggingaskuld að frádregnum hluta endurtryggjenda. Fluttar vátryggingaskuldir í eða úr einum lífeyrissjóði í annan teljast með hér.

Kóði: **48 05 0**

Heiti: **Ógreidd tryggingaiðgjöld**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra ógreiddra tryggingaiðgjalda vegna hvers konar áhættu sem tryggð er af trygginga- eða endurtryggingafélagi.

Kóði: **48 06 0**

Heiti: **Heildarrekstrarkostnaður**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til alls kostnaðar við innheimtu lífeyrisiðgjalda, stjórnun verðbréfasamvals, afgreiðslu lífeyrisgreiðslna og einnig þóknana, annars ytri kostnaðar við vörur og þjónustu og starfsmannakostnaðar.

*Tenging við aðrar breytur*

„Heildarrekstrarkostnaður“ (48 06 0) er reiknaður út á eftirfarandi hátt:

Starfsmannakostnaður (13 31 0),

+ Heildarkaup á vörum og þjónustu (13 11 0).

Kóði: **48 07 0**

Heiti: **Allir skattar**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra beinna skatta (t.d. af fjárfestingartekjum o.s.frv.), sem koma til greiðslu af hálfu lífeyrissjóðsins og eru ekki hluti af ytri kostnaði við vörur og þjónustu eða starfsmannakostnaði.

BREYTUR UM EFNAHAGSREIKNING — EIGNIR

Kóði: **48 11 0**

Heiti: **Lóðir og húseignir (PF)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra lóða og húseigna í eigu lífeyrissjóðsins.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Lóðir og húseignir (PF)“ (48 11 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 12 0**

Heiti: **Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum (PF)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til hlutabréfa í eignatengdum fyrirtækjum, skuldabréfa sem gefin eru út af eignatengdum fyrirtækjum og lána til þeirra, eignarhluta og skuldabréfa, sem gefin eru út af fyrirtækjum sem lífeyrissjóður tengist með eignarhluta og lán til þeirra. Undanskildar eru fjárfestingar í lið 48 10 0.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum“ (48 12 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 13 0**

Heiti: **Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til hvers kyns skráðra og óskráðra hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegri ávöxtun, nema þeirra sem heyra undir liði 48 12 0 og 48 14 0.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun“ (48 13 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0) og byggist á:

Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði (48 13 1),

+ Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með (48 13 3),

+ Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 4).

Kóði: **48 13 1**

Heiti: **Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem viðskipti eru stunduð með á verðbréfamarkaði.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði“ (48 13 1) er hluti af breytunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0).

Kóði: **48 13 2**

Heiti: **Hlutabréf sem viðskipti hafa verið stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir ört vaxandi fyrirtæki á sviði nýsköpunar og lítil og meðalstór fyrirtæki. Slíkir markaðir eru einnig þekktir sem markaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Small and Medium-Sized Business Markets) eða hliðstæðir markaðir (Parallel Markets). Á þessum mörkuðum er unnt að stunda viðskipti með skráð verðbréf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum á skilvirkan og samkeppnishæfan hátt.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutabréf sem viðskipti hafa verið stunduð með á skipulegum markaði sem er sérhæfður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki“ (48 13 2) er hluti af breytunni „Hlutabréf sem viðskipti eru stunduð með á skipulegum markaði“ (48 13 1).

Kóði: **48 13 3**

Heiti: **Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra hlutabréfa sem ekki eru stunduð viðskipti með á verðbréfamarkaði.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutabréf sem ekki eru stunduð opinber viðskipti með“ (48 13 3) er hluti af breytunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0).

Kóði: **48 13 4**

Heiti: **Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra verðbréfa með breytilegri ávöxtun sem ekki eru tilgreind í öðrum liðum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun“ (48 13 4) er hluti af breytunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun“ (48 13 0).

Kóði: **48 14 0**

Heiti: **Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til hvers konar hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 85/611/EBE ([1]). Þetta á einnig við um opna sjóði og önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum“ (48 14 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 15 0**

Heiti: **Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til framseljanlegra skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun sem gefin eru út af lánastofnunum, öðrum fyrirtækjum eða opinberum aðilum, nema þeirra sem heyra undir lið 48 12 0. Verðbréf sem bera breytilega vexti sem eru háðir ákveðnum þáttum, t.d. vöxtum á millibankamarkaði eða á Evrópumarkaðnum skulu einnig talin sem skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun“ (48 15 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0) og byggist á:

Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út (48 15 1),

+ Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 2).

Kóði: **48 15 1**

Heiti: **Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun sem ríki, sveitarfélög og opinberar stofnanir gefa út eða ábyrgjast.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun sem opinber stofnun gefur út“ (48 15 1) er notuð við útreikning á breytunni „Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun“ (48 15 0).

Kóði: **48 15 2**

Heiti: **Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun**

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra skuldabréfa og annarra verðbréfa með fastri ávöxtun (t.d. skuldabréf fyrirtækja).

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Önnur skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun“ (48 15 2) er notuð við útreikning á breytunni „Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun“ (48 15 0).

Kóði: **48 16 0**

Heiti: **Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (PF)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til fjárfestinga í hlutabréfum sem nokkur fyrirtæki eða lífeyrissjóðir hafa tekist á hendur sameiginlega og þar sem eitt fyrirtækjanna eða sjálfstæður sjóðsstjóri fer með stjórnina.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (PF)“ (48 16 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 17 0**

Heiti: **Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til hvers kyns lífeyrissjóðslána hvort sem þau eru tryggð með veði í fasteignum eða ekki.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar“ (48 17 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 18 0**

Heiti: **Aðrar fjárfestingar**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra fjárfestinga sem eru ekki hluti af áðurnefndum fjárfestingarbreytum, s.s. innlána hjá lánastofnunum, reiðufjár, annarra skammtímafjárfestinga, afleiðna eða annarra fjárfestinga.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Aðrar fjárfestingar“ (48 18 0) er notuð við útreikning á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 10 0**

Heiti: **Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs**

*Skilgreining*

Þessi breyta er samtala eftirfarandi breytna: Lóðir og húseignir (PF) (48 11 0) + Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum (48 12 0) + Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0) + Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (48 14 0) + Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0) + Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (48 16 0) + Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar (48 17 0) + Aðrar fjárfestingar (48 18 0).

Kóði: **48 10 1**

Heiti: **Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra fjárfestinga í fjármögnunarfyrirtækjum, s.s. hlutabréfa í fjármögnunarfyrirtækjum, skuldabréfa sem fjármögnunarfyrirtæki gefa út, lána til þeirra, o.s.frv. Fjármögnunarfyrirtækin eru þeir vinnuveitendur sem greiða iðgjöld í lífeyrissjóði fyrir launþega sína.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Heildarfjárfestingar í „fjármögnunarfyrirtækinu“ er hluti af breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 10 4**

Heiti: **Heildarfjárfestingar á markaðsverði**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til „Heildarfjárfestingar“ (= samtala breytnanna Lóðir og húseignir PF (48 11 0) + Fjárfestingar í eignatengdum fyrirtækjum og eignarhlutum (48 12 0) + Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun (48 13 0) + Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (48 14 0) + Skuldabréf og önnur verðbréf með fastri ávöxtun (48 15 0) + Hlutdeild í fjárfestingasjóðum (48 16 0) + Veðlán og önnur lán sem ekki eru tilgreind annars staðar (48 17 0) + Aðrar fjárfestingar (48 18 0)) á markaðsverði.

*Athugasemd:* Einungis þarf að skýra frá breytunni „Heildarfjárfestingar á markaðsverði (48 10 4) ef breytan „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0) er ekki gefin upp á markaðsverði.

Kóði: **48 20 0**

Heiti: **Aðrar eignir**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra eigna sem ekki eru tilgreindar undir fjárfestingum.

BREYTUR UM EFNAHAGSREIKNING — SKULDIR

Kóði: **48 30 0**

Heiti: **Eigið fé og varasjóðir**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til eigin fjár og varasjóða sem ekki er formlega útdeilt til lífeyrisþega, s.s. eigið fé, varasjóðir eða aðrir jafngildir sjóðir.

Kóði: **48 40 0**

Heiti: **Hreinar vátryggingaskuldir (PF)**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til vátryggingaskuldar, að frádregnum endurtryggingahlutanum, sem útdeilt er til lífeyrisþega. Þessi vátryggingaskuld er yfirleitt metin samkvæmt tryggingafræðilegum grundvallarreglum.

Kóði: **48 50 0**

Heiti: **Aðrar skuldir**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra annarra skulda sem ekki eru skráðar undir eigin fé og varasjóðum eða hreinum vátryggingaskuldum.

BREYTUR UM ALÞJÓÐAVÆÐINGU

Kóði: **48 61 0**

Heiti: **Landfræðileg sundurliðun á veltu**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda, eins og skilgreint er í breytunni „Velta" (12 11 0), sem koma til greiðslu á fjárhagsárinu, s.s. öll skyldubundin iðgjöld, önnur reglubundin iðgjöld, valfrjáls viðbótariðgjöld, önnur lífeyrisiðgjöld, sundurliðuð eftir eftirtöldum löndum: heimaland, (önnur) ESB-lönd, önnur EES-lönd, Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada, Japan og annars staðar í heiminum.

*Athugasemd*Viðmiðunin fyrir úthlutun á veltu fer eftir búsetu félagsaðila sem greiða iðgjald.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Landfræðileg sundurliðun á veltu" felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Velta" (12 11 0).

Kóði: **48 62 0**

Heiti: **Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun, sundurliðuð eftir staðsetningu**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til hlutabréfa og annarra verðbréfa með breytilegri ávöxtun, eins og skilgreint er í breytunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun" (48 13 0), sundurliðað eftir staðsetningu. Sundurliðunin er sem hér segir: heimaland, (önnur) ESB-lönd, önnur EES-lönd, Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada, Japan og aðrir staðir í heiminum.

*Athugasemd:* Staðsetning hlutabréfs ræðst af því hvar fyrirtækið, sem gefur út hlutabréfið, er skráð.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun, sundurliðuð eftir staðsetningu" (48 62 0) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegri ávöxtun" (48 13 0).

Kóði: **48 63 0**

Heiti: **Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar eftir staðsetningu**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjárfestinga, eins og þær eru skilgreindar í breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0), sundurliðaðar eftir staðsetningu. Sundurliðunin er sem hér segir: heimaland, (önnur) ESB-lönd, önnur EES-lönd, Bandaríki Norður-Ameríku og Kanada, Japan og aðrir staðir í heiminum.

*Athugasemd:* Staðsetning lóða og húseigna ræðst af svæðinu þar sem eignirnar eru staðsettar. Fjárfestingum í fjárhaldssjóðum er úthlutað samræmi við upplýsingar frá fjárhaldssjóðunum. Fjárfestingum í verðbréfum með fastri ávöxtun er skipt niður miðað við skráðar höfuðstöðvar útgefanda. Staðsetning hlutabréfs ræðst af því hvar fyrirtækið, sem gefur út hlutabréfið, er skráð.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar eftir staðsetningu“ (48 63 0) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

Kóði: **48 64 0**

Heiti: **Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar í evruhluta og hluta sem ekki er í evrum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjárfestinga eins og þær eru skilgreindar í breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0), sundurliðaðar eftir gjaldmiðlum. Tekið er mið af sundurliðun í eftirfarandi gjaldmiðla: evrur, annað.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Heildarfjárfestingar, sundurliðaðar í evruhluta og hluta sem ekki er í evrum“ (48 64 0) felur í sér frekari sundurliðun á breytunni „Heildarfjárfestingar lífeyrissjóðs“ (48 10 0).

VIÐBÓTARBREYTUR

Kóði: **48 70 0**

Heiti: **Fjöldi félagsaðila**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda félagsaðila í lífeyriskerfum eins og þau eru skilgreind í „Fjöldi lífeyriskerfa“ (11 61 0), sem eru undir stjórn lífeyrissjóða. Hún felur í sér fjölda virkra félagsaðila, fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi og fjölda starfsmanna á eftirlaunum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0) er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

Fjöldi félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi(48 70 1)

+ Fjöldi félagsaðila að kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn (48 70 2),

+ Fjöldi félagsaðila að blönduðum kerfum (48 70 3);

eða

Fjöldi virkra félagsaðila (48 70 4),

+ Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi (48 70 5),

+ Fjöldi starfsmanna á eftirlaunum (48 70 6).

Kóði: **48 70 1**

Heiti: **Fjöldi félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi. Hún felur í sér fjölda virkra félagsaðila, fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi og fjölda starfsmanna á eftirlaunum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi félagsaðila að kerfum með fyrirfram skilgreind réttindi“ (48 70 1) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0).

Kóði: **48 70 2**

Heiti: **Fjöldi félagsaðila að kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda félagsaðila að kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn. Hún felur í sér fjölda virkra félagsaðila, fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi og fjölda starfsmanna á eftirlaunum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi félagsaðila að kerfum þar sem lífeyrisréttindi ákvarðast af framlögum í sjóðinn “ (48 70 2) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0).

Kóði: **48 70 3**

Heiti: **Fjöldi félagsaðila að blönduðum kerfum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til heildarfjölda félagsaðila að blönduðum kerfum. Hún felur í sér fjölda virkra félagsaðila, fjölda félagsaðila sem eiga geymd réttindi og fjölda starfsmanna á eftirlaunum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi félagsaðila að blönduðum kerfum“ (48 70 3) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0).

Kóði: **48 70 4**

Heiti: **Fjöldi virkra félagsaðila**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til fjölda félagsaðila sem greiða iðgjöld til lífeyriskerfis.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi virkra félagsaðila“ (48 70 4) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila“ (48 70 0).

Kóði: **48 70 5**

Heiti: **Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til fjölda félagsaðila sem hafa hætt greiðslum til lífeyriskerfis en halda geymdum réttindum.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi félagsaðila sem eiga geymd réttindi" (48 70 5) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila" (48 70 0).

Kóði: **48 70 6**

Heiti: **Fjöldi starfsmanna á eftirlaunum**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til þess fjölda manna sem fær lífeyri.

*Tenging við aðrar breytur*

Breytan „Fjöldi starfsmanna á eftirlaunum" (48 70 6) er notuð við útreikning á breytunni „Fjöldi félagsaðila" (48 70 0).

LÍFEYRISSJÓÐIR SEM ERU EKKI SJÁLFSTÆÐIR

Kóði: **11 15 0**

Heiti: **Fjöldi fyrirtækja með lífeyrissjóði sem ekki eru sjálfstæðir**

*Skilgreining*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2700/89 um skilgreiningar á breytum fyrir hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. Þessi breyta varðar fjölda fyrirtækja sem eru með bókfærða varasjóði (book reserves) til að greiða launþegum sínum lífeyri. Stjórnun lífeyrissjóðs, sem ekki er sjálfstæður, er viðbótarstarfsemi hjá þessum fyrirtækjum.

*Athugasemd:*

Flokka ber þessi fyrirtæki samkvæmt aðalstarfsemi þeirra í einn af þeim flokkum starfsemi sem getið er í 9. þætti 1. viðauka við reglugerð (EB, KBE) nr. 58/97 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja.

Kóði: **48 08 0**

Heiti: **Velta lífeyrissjóða sem ekki eru sjálfstæðir**

*Skilgreining*

Þessi breyta skal taka til allra lífeyrisiðgjalda, að því er varðar lífeyrissamninga, sem greidd eru í bókfærða varasjóðinn á fjárhagsárinu.